

Samfélagsfræði 9.-10. bekkur

Kennari: Þuríður Lilja Valtýsdóttir

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er breytilegur eftir lotum.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir samfélagsfræði eru sett fram í þremur flokkum.

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.
- Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.
- Greint hvernig stjórnsmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.
- Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins go uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn.
- Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði.

Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.
- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.

Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

Námsmat

Hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá eru metin jafnt og þétt yfir önnina. Þau safnast svo saman og mynda hæfnikort nemandans á Mentor.

Einkunnir í desember og maí eru gefnar í umsögnum. Nemendur í 10. bekk fá einkunnir í bókstöfum í maí.